

Náttúrustofa Austurlands

Ársskýrsla 2013



Ritstjóri: Áslaug Lárusdóttir.

Texti: Áslaug Lárusdóttir, Erlín Emma Jóhannsdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Jón Ágúst Jónsson, Kristín Ágústsdóttir, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmyndir: Áslaug Lárusdóttir, Gerður Guðmundsdóttir, Halldór Walter Stefánsson, Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson.

Ljósmynd á forsíðu: Eskifjörður 29. apríl 2007. Mynd: SGP

Apríl 2015



EFNISYFIRLIT

- 4 Formáli
- 5 Um stofuna
- 6 Mannauður
- 7 Stiklur úr starfsemi
- 15 Fjármál
- 16 Útgáfa og kynning



Ritur í Hafnarhólma. Mynd: SGP

FORMÁLI

Markmiðið með útgáfu skýrslu þessarar er að halda til haga og miðla upplýsingum um starfsemi Náttúrustofu Austurlands árið 2013.

Líkt og undanfarin ár skipuðu rannsóknir í tengslum við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stóran sess í starfseminni. Af einstökum viðfangsefnum voru rannsóknir á hreindýrum, fuglum og gróðurfari fyrirferðarmestar. Meðal annarra viðfangsefna má nefna rannsóknir á smádýrum og loftgæðum, eftirlit með friðlýstum svæðum og almenna fræðslu.

Náttúrustofan tók þátt í ýmsum viðburðum á árinu. Má þar nefna tæknidag fjölskyldunnar og fertugsafmæli friðlands í Hólmanesi. Starfsmenn sóttu alþjóðlegar ráðstefnur um m.a. heilbrigði hreindýra og rannsóknir og stjórnun villtra dýrastofna. Þá heimsótti forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, Náttúrustofuna og kynnti sér starfsemi stofunnar, fólkvanginn í Hólmanesi og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað.

Engar breytingar urðu á starfsmannahaldi á árinu. Fastráðnir starfsmenn voru átta talsins í tæplega sjö stöðugildum. Auk þess aðstoðuðu fjölmargir einstaklingar Náttúrustofuna, ekki síst við vöktun hreindýra. Eru öllum færðar þakkir fyrir.

Rekstur Náttúrustofunnar gekk þokkalega árið 2013. Heildarrekrartekjur ársins námu 61,5 millj. kr. Rúmlega helmingur tekna voru sértekjur vegna útseldrar þjónustu. Afkoma af rekstri var neikvæð um 0,2 millj. kr.

Hér hefur verið farið lauslega yfir starfsemi Náttúrustofunnar á síðasta ári. Það er von mín að þeir er skýrsluna lesa verði einhvers vísari um starfsemi ársins.

Jón Ágúst Jónsson
forstöðumaður



Skeleyri – Hólmatindur. Mynd: SGP

Náttúrustofa Austurlands er rekin af Fjarðabyggð og Fljótsdalshéraði með stuðningi ríkis. Hún var formlega stofnuð 24. júní árið 1995, fyrst allra náttúrustofa. Frumkvæði að stofnun hafði sveitarfélagið Neskaupstaður, nú hluti Fjarðabyggðar. Árið 2008 varð Fljótsdalshérað aðili að rekstrinum. Höfuðstöðvar eru í Neskaupstað og starfsstöð á Egilsstöðum.

Náttúrustofan er þekkingar- og þjónustuaðili sem vinnur að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun í tengslum við náttúrufræðingum Austurlands.

Stofan starfar samkvæmt lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 og lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Hlutverk Náttúrustofunnar er:

- að stunda vísindarannsóknir
- að veita fræðslu og ráðgjöf
- að annast eftirlit með náttúru Austurlands
- að annast vöktun og rannsóknir á hreindýrum

Stofan er aðili að fræðasetrinu Búlandi í Neskaupstað og Vísindagarðinum á Egilsstöðum. Markmið samstarfsins er að skapa fjölbreytta rannsókn- og fræðslumiðstöð, þannig að úr verði eftirsóknarverður vinnustaður sem laðar að hæft starfsfólk.

Náttúrustofan er aðili að Samtökum náttúrustofa sem hafa það að markmiði að efla fræðslu, samstarf og starfsemi stofanna.



Bláklukkur. Mynd: GG

MANNAUÐUR

Stjórn

- *Esther Kjartansdóttir*, ritari.
- *Líneik Anna Sævarsdóttir*, formaður.
- *Valdimar O. Hermannsson*, meðstjórnandi.

Starfsfólk

Á árinu störfuðu átta starfsmenn hjá Náttúrustofunni:




Áslaug Lárusdóttir, skrifstofustjóri, sinnti almennum skrifstofustörfum auk þess að hafa umsjón með heimasíðu, bókasafni, tölvumálum og gagnavörslu.



Erlín Emma Jóhannsdóttir, B.S. líffræðingur, hafði umsjón með vöktun umhverfisþátta við álverið í Reyðarfirði og smádyrarannsóknnum. Að auki kom hún að öðrum verkefnum.



Gerður Guðmundsdóttir, M.S. plöntuvistfræðingur, hafði umsjón með gróður-rannsóknnum og vöktun fallryks.



Halldór Walter Stefánsson, sérfræðingur, hafði umsjón með vöktun og rannsóknnum á fuglum. Tók einnig þátt í hreindýrarannsóknnum.



Jón Ágúst Jónsson, M.S. líffræðingur, annaðist daglegan rekstur auk þess að taka þátt í ýmsum verkefnum stofunnar.



Kristín Ágústsdóttir, M.S. landfræðingur, var í námsleyfi hluta árs. Vann að úrvinnslu rannsókna á hreindýrum með GPS staðsetningartæki. Þá vann hún ásamt starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og Marsýnar að rannsóknnum á því hversu

vel gervitunglagögn endurspeglar magn plöntusvífs í hafinu umhverfis Ísland og aðstoðaði við ýmis verkefni.



Rán Þórarinsdóttir, M.S. líffræðingur, verkstýrði kortlagningu á burðarsvæðum hreindýra, tók þátt í vöktun mófugla og hreindýra og aðstoðaði við önnur verkefni.



Skarphéðinn G. Þórisson, B.S. líffræðingur, hafði yfirumsjón með vöktun og rannsóknnum á hreindýrum. Samhliða því kom hann að fugla- og gróður-rannsóknnum.

Margir aðrir komu að starfsemi stofunnar. Guðrún Á. Jónsdóttir, Páll Leifsson, Stefán Þ. Eysteinnsson og Páll Benediktsson aðstoðuðu við rannsóknir. Sveinn H. Oddson aðstoðaði við tölvumál. Margir aðstoða við vöktun hreindýra og eru þeir helstu taldir upp hér:

- *Eiríkur Skjaldarson*
- *Grétar Karlsson*
- *Halldór Bergsson*
- *Hákon Hansson*
- *Jóhann G. Gunnarsson*
- *Jóhann Óli Einarsson*
- *Jón I. Sigurbjörnsson*
- *Reimar Ásgeirsson*
- *Sigurður Guðjónsson*
- *Skúli H. Benediktsson*
- *Skúli Sveinsson*
- *Sveinn Auðunn Sveinsson*
- *Sveinn Ingimarsson*
- *Sævar Guðjónsson*

Vöktun hreindýrastofnsins

Frá því snemma árs 2000 hefur Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á íslenska hreindýrastofninum. Markmið vöktunarinnar er að afla gagna um stofninn þannig að hægt sé að veita ábyrga ráðgjöf um veiðipól, ástand stofnsins og ágang hreindýra. Helstu þættir sem fylgst er með eru dreifing, aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi, nýliðun, dánartíðni og líkamlegt ástand dýranna. Gagnasöfnun er að stórum hluta unnin í samvinnu við áhugamenn um hreindýr. Þessi grunnvöktun er sígild og samfelld og breytist lítið milli ára.

Hreindýraveiðikvóti

Náttúrustofa Austurlands vinnur ár hvert tillögu að veiðikvóta byggð á upplýsingum úr vöktun hreindýrastofnsins. Kvótanum er skipt eftir aldri, kyni og veiðisvæðum og tillögur lagðar fyrir hreindýraráð og Umhverfisstofnun. Tillaga Náttúrustofunnar miðast við að stuðla að sjálfbærri nýtingu stofnsins á skilgreindum veiðisvæðum í samráði við hagsmunaaðila. Reynt er að viðhalda sambærilegu kynjahlutfalli og fyrirfinnst í stofnum sem ekki er veitt úr, eða um 6 tarfar á hverjar 10 kýr að hausti. Jafnframt er reynt að hafa fjölda dýra á hverju svæði vel innan marka sem talin eru geta valdið álagi á land. Að fengnum tillögum Umhverfisstofnunar ákveður umhverfisráðherra kvóta fyrir næsta veiðitímabil. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 1277 dýr árið 2014.

Rannsókn á hagagöngu hreindýra með hjálp GPS senditækja

Þetta rannsóknaverkefni er meistaraverkefni líffræðings hjá Náttúrustofu Austurlands og er unnið í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskóla Íslands. Meginmarkmið þess er að auka skilning okkar á hagagöngu hreindýra, afmörkun einstakra hjarða og samskipti á milli þeirra. Megin áhersla er lögð á Snæfellsbjörð og samskipti hennar við Álftafjarðarbjörð. Hægt er að skoða ferðir dýranna á heimasíðu Náttúrustofunnar. Verkefnið er unnið með styrk frá Landsvirkjun. Unnið var að lokaskýrslu á árinu.

Mat á ágangi hreindýra

Árlega metur Náttúrustofa Austurlands ágang hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og gerir tillögu til hreindýraráðs og Umhverfisstofnunnar um skiptingu í ágangssvæði. Lagt var til að þau héldust óbreytt frá árinu 2013 nema hvað bæta þyrfti inn nýjum jörðum í Norðurþingi, Langanesbyggð og Svalbarðshreppi á ágangssvæði 1 og aðlaga veiðisvæði 1 að því. Mat á ágangi er eitt af því sem lagt er til grundvallar ákvörðunar um arðsskiptingu. Ágangsmatið byggir á upplýsingum um hagagöngu hreindýra sem safnað er allan ársins hring. Heimamenn og aðrir áhugasamir eru hvattir til að tilkynna um hreindýrahópa og er þátttaka þeirra undirstaðan í þessum vöktunarlið.



Hreindýr við Launá á fengitíma. Mynd: SGP

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Hornamælingar

Náttúrustofa Austurlands situr í Hornamælingarnefnd Félags leiðsögumanna með hreindýraveiðum. Nefndin mælir hreindýrskrúnur sem veiðimenn skila inn og gefur stig fyrir stórar og fallegar hreindýrskrúnur. Reimar Ásgeirsson kom þessari nefnd af stað og sér jafnframt um utanumhald verkefnisins. Slíkar nefndir eru starfræktar víða erlendis þar sem veiðar á hyrndum dýrum eiga sér stað. Hornavöxtur hreindýra er með því mesta og fjölbreyttasta sem þekkt meðal hornbera. Hornamæling nýtur vaxandi vinsælda meðal veiðimanna og eykur gildi veiðiupplifunar hjá mörgum.

Hreinkálfar fangaðir fyrir Húsdýragarðinn í Reykjavík

Mánudaginn 25. febrúar aðstoðaði Náttúrustofa Austurlands Húsdýragarðinn í Reykjavík við að ná hreindýrskálfum með hjálp netbyssu. Netbyssuna hafði stofan keypt með styrk úr Veiðikortasjóði til að fanga hreindýr og var þetta frumraunin.



Hreinkálfurinn Pálína merkt í Mjóafirði.
Mynd: SGP

Kálfamerkingarleiðangur í Mjóafjörð

Sígt var að Reykjum í Mjóafirði og dvalið þar 19.-20. maí. Gengið var um fjörðinn að sunnanverðu og hreindýr talin. Af 65 kúm sem sáust voru 48 bornar eða 74% allra kúa. Til viðbótar sáust 18 ungdýr, eða til samans 131 hreindýr. Þrjú kálfar voru eyrnamerkir.



Hreindýr fangað fyrir Húsdýragarðinn. Mynd: SGP



Hreinkálfur merktur í Mjóafirði vorið 2013. Mynd: SGP

Kortlagning burðarsvæða hreindýra

Náttúrustofa Austurlands hefur unnið að kortlagningu burðarsvæða Snæfellshjarðar fyrir Landsvirkjun frá árinu 2005. Markmiðið með kortlagningu burðarsvæða er að kanna hvort Kárahnjúkavirkjun og framkvæmdir henni tengdar hafi áhrif á burðarsvæði eða framvindu burðar. Snæfellshjörð er samheiti fyrir þau hreindýr sem haldið hafa til á Snæfellsöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði og láglandinu umhverfis þessar heiðar. Dreifing þessara dýra hefur verið að breytast og eru þær breytingar kortlagðar.

Úttekt vegna háspennulínuleiðar á Norðausturlandi

Að beiðni Landsnets gerði Náttúrustofa Austurlands úttekt á gróðurfari vegna fyrirhugaðrar byggingu nýrra 220 kV háspennulína á Norðausturlandi, Kröflulínu 3, frá tengivirki við Kröflustöð í Mývatnssveit að tengivirki í Fljótsdalsstöð. Var um að ræða viðbót við úttekt sem gerð var sumarið 2012.

Umhverfisvöktun í Reyðarfirði

Frá árinu 2004 hefur Náttúrustofan tekið þátt í umhverfisvöktun vegna álvers Alcoa Fjarðaáls í Reyðarfirði. Markmið verkefnisins er að fylgjast með áhrifum álversins á gróður, vatn og loftgæði. Verkefnið var unnið í samstarfi við Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem sá um efnagreiningar á gróður- og vatnssýnum sem og vöktun loftgæða. Ráðgjafi er Alan W. Davison, próffessor við Newcastle háskóla á Englandi. Árið 2013 var vöktunin með hefðbundnu sniði. Gróður- og vatnssýnum var safnað reglulega til efnagreininga. Jafnframt var ástand gróðurs metið sjónrænt og fylgst með sjaldgæfum tegundum plantna á svæðinu.

Vöktun smádýralífs í Hrafnkelsá

Að beiðni Landsvirkjunar gerði Náttúrustofa Austurlands könnun á smádýralífi í Hrafnkelsá sumarið 2013 með það að markmiði að rannsaka áhrif gruggs vegna leka í aðkomugöngum 3 sem staðsett eru ofarlega í Glúmsstaðadalsá.


STIKLUR ÚR STARFSEMI

Vöktun fallryks við Háslón, á Brúaröræfum og Fljótsdalshéraði

Á vegum Landsvirkjunar hefur Náttúrustofan í samvinnu við Landsvirkjun og Matís ohf. tekið þátt í mælingum á fallryki þar sem markmiðið er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls yfir Fljótsdalshérað. Mælt hefur verið á 18 stöðum undanfarin ár en sumarið 2013 var ákveðið að fækka mælistöðum niður í 5 þar sem til stendur að taka upp aðrar aðferðir til að fylgjast með jarðefnafoki frá Háslóni. Fallryksmælarnir safna fallryki yfir sumartímann og eru staðsettir við Háslón og í byggð á Fljótsdalshéraði. Athuganir hafa staðið yfir öll sumur frá árinu 2005. Háslón fylltist fyrst haustið 2007 og frá sumrinu 2008 hefur verið möguleiki á áfoki frá bökkum lónsins fyrri part sumars þegar vatnsstaða í Háslóni er lág.

Gróðurvöktun á Vesturöræfum, Kringilsárrana og Fljótsdalsheiði

Náttúrustofan hefur unnið fyrir Landsvirkjun að undirbúningi á vöktun gróðurs á Vesturöræfum, í Kringilsárrana og á Fljótsdalsheiði frá árinu 2006. Markmiðið er að athuga hvort greina megi breytingar á gróðurfari í kjölfar myndunar Háslóns. Beitt er tveimur aðferðum í verkefninu. Annars vegar er þekja gróðurs metin yfir stór svæði með hjálp gervitunglamynda. Hins vegar er þekja og tegundasamsetning gróðurs metin sjónrænt í föstum mælireitum sem dreift hefur verið um svæðið.



Staðsetning fallryksmæla sumarið 2013. Mynd:GG

Vetrarfæða sjófugla

Náttúrustofa Austurlands tók þátt í verkefni sem gengur út á að kanna vetrarfæðu helstu sjófugla á íslenska landgrunninu. Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskóla Íslands, Hafrannsóknastofnun, Náttúrustofu Suðurlands, Náttúrustofu Suðvesturlands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Norðausturlands. Verkefnisstjórn er í höndum prófessors Arnþórs Garðarssonar við Háskóla Íslands. Starfsmenn Náttúrustofunnar sáu um sýnatöku á Austfjörðum í febrúar. Verkefnið er unnið með styrk frá Veiðikortasjóði.

Vöktun rjúpnastofnsins

Náttúrustofan tók þátt í vöktun á rjúpum fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands í maí. Um var að ræða talningar á rjúpum á vegsniðum á Úthéraði og karratalningar á tveimur svæðum, Rangá í Hrórastungu og á Hrafnabjörgum í Jökulsárhlíð á Héraði.

Rannsóknir á kjóa

Náttúrustofan var starfsmönnum Náttúrustofu Suðvesturlands innan handar við kjóarannsóknir á Úthéraði.



Heiðgæsir í sárum á Eyjabökkum. Mynd:SGP. Merkingaleiðangur á Vesturöræfi í júlí 2013 með Verkís, WWT og sumarvinnuhópi Landsvirkjunar. Mynd:HWS.

Heiðgæsamerkingar

Starfsmenn Náttúrustofunnar tóku þátt í merkingum á heiðgæsum á Vesturöræfum í samvinnu við WWT og Verkís. Tilgangurinn var að setja senditæki á tvær gæsir til að kanna notkun þeirra á landinu, ferðir þeirra til vetrarstöðvanna á Bretlandseyjum og farflugnið til baka vorið 2014 á varpstöðvarnar. Auk senditækjagæsanna var fjöldi annarra heiðgæsa litmerktur. Sumarvinnuhópur Landsvirkjunar við Fljótsdalstöð aðstoðaði við merkingarnar.

Vöktun fiðrilda

Náttúrustofan hóf vöktun fiðrilda á Austurlandi árið 2010. Árið 2013 var vöktunin með sama sniði og fyrri ár. Fiðrildi voru veidd frá apríl til nóvember í sérstakar ljósgildir sem eru staðsettar í Neskaupstað, Hallormsstað og Jökuldal. Markmiðið er að nota fiðrildi sem vísihóp til vöktunar á umhverfi. Verkefnið er unnið í nánú samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, aðrar náttúrustofur, Skógrækt ríkisins og Pál Benediktsson bónda á Hákonarstöðum í Jökuldal.

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Vöktun fugla á áhrifasvæði Kárahnjúka-virkjunar

Vöktun valinna fuglategunda tengt Kárahnjúkavirkjun fyrir Landsvirkjun skipar árlegan sess í fuglarannsóknnum Náttúrustofunnar. Hávellur voru taldar á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði. Skúmar voru taldir og varp metið á öllu Úthéraði sumarið 2013. Grágæsir og heiðagæsir voru myndaðar og taldar á Héraði og á hluta Snæfellsöræfa. Heiðagæsahreiður voru talin á árlegum sniðum á Vesturöræfum um miðjan júní sökum síðbúins varps vegna snjóalaga.

Vöktun mófugla

Náttúrustofa Austurlands tók að sér umfangsmikla mófuglatalningu á Austurlandi fyrir Náttúrufræðistofnun Íslands. Talningin var liður í verkefninu Natura Ísland. Jafnframt voru mófuglar taldir á hefðbundnum talningarstöðum Náttúrustofunnar.

Fuglaskoðun í fjarðabotnum

Hinn árlegi fuglaskoðunardagur var haldinn 12. maí í samvinnu við Ferðafélag fjarðamanna. Fuglaáhugamönnum á öllum aldri var þá boðið að skoða fuglalíf undir handleiðslu sérfræðinga Náttúrustofunnar á leirum í Norðfirði og Reyðarfirði. Alls mættu 24 fuglaskoðarar og samtals sáust 33 tegundir fugla.



Skollafingur. Mynd: GG

Dagur íslenskrar náttúru

Dagur íslenskrar náttúru er haldinn hátíðlegur 16. september ár hvert. Vegna veðurs þurfti að aflýsa fyrirhugaðri fjölskyldugöngu um Hólmanes. Þess í stað var almenningi gefinn kostur á að heimsækja Safnahúsið í Neskaupstað í tilefni dagsins.

40 ára afmæli fólkvangsins í Hólmanesi

Í tilefni þess að 40 ár voru liðin frá því að Hólmanes var friðlýst sem fólkvangur og friðland bauð Náttúrustofa Austurlands og Fjarðabyggð upp á fjölskyldugöngu um svæðið laugardaginn 5. október.



Þjóðarblómið. Mynd: GG

Dagur hinna villtu blóma

Sunnudaginn 16. júní var dagur hinna villtu blóma haldinn. Í Neskaupstað var farið í gönguferð með blómaskoðun í fólkvang Neskaupstaðar. Gengið var um Haga, Urðir og upp í Skálasnið þar sem m.a. vaxa þúsundblaðarós og skógfjóra. Tólf gestir mættu í gönguna í Neskaupstað. Á Fáskrúðsfirði mættu fjórtán gestir. Þar var gengið utan við Eyri í Fáskrúðsfirði í blíðskapar veðri.



Blómadagurinn í Neskaupstað. Mynd: GG

Náttúrugripasafnið í Neskaupstað

Náttúrustofan sá um viðhald safngripa og móttöku gesta utan hefðbundins opnunartíma á Náttúrugripasafninu fyrir Fjarðabyggð og sé óskað eftir faglegri leiðsögn. Safnið er til húsa að Egilsbraut 2, ásamt Sjóminja- og myndlistasafni Tryggva Ólafssonar. Á safninu má sjá fjölskrúðugt safn dýra, plantna og steina í skemmtilegri uppsetningu listakonunnar og leikmyndahönnuðarinnar Unnar Sveinsdóttur. Safnið var opið daglega á tímabilinu frá 1.júní til 31.ágúst kl. 13:00 - 17:00. Gestamóttaka var í höndum Félags eldri borgara í Neskaupstað.

Náttúrufræðinámskeið

Í samvinnu við Ferðapjónustuna á Mjóeyri hefur Náttúrustofan undanfarin ár haldið námskeið fyrir krakka á aldrinum 8-10 ára á Eskifirði. Markmið námskeiðsins er að kynna krökkunum fjölbreytt lífríki íslenskrar náttúru. Námskeiðið í ár var með hefðbundnu sniði. Farið var í nokkrar vettvangsferðir, plöntur og dýr voru skoðuð og spáð í búsvæðum þeirra og lifnaðarháttum.

Endurmenntun starfsmanna

Á árinu sátu starfsmenn Náttúrustofunnar ýmsar ráðstefnur tengdar starfseminni. Sem dæmi um slíka ráðstefnu má nefna ráðstefnu um rannsóknir og stjórnun villtra dýrastofna sem haldin var í Reykjavík, alþjóðlega tófuráðstefnu sem haldin var á Núpi í Dýrafirði og alþjóðlega ráðstefnu um heilbrigði hreindýra sem haldin var í Tromsø í Noregi. Áslaug Lárusdóttir lauk á árinu þriggja anna námi á Skrifstofubraut frá Menntaskólanum í Kópavogi. Kristín Ágústsdóttir lauk námi og útskrifaðist með meistaraþáðu í eðlisrænni landafræði og vistkerfisgreiningum með áherslu á landupplýsingatækni og fjarkönnun í júní.

Veiting umhverfisfána

Umhverfisverkefnið Græn- og Bláfáni er rekið af alþjóðlegum samtökum um umhverfismennt, Foundation for Environmental Education (FEE). Landvernd er fulltrúi þeirra hér á landi og hefur Náttúrustofa Austurlands aðstoðað við fánaveitingar á starfssvæði stofunnar síðustu ár. Veturinn 2013 afhenti Náttúrustofa Austurlands grunnskólanum á Brúarási Grænfána fyrir hönd Landverndar. Er þetta í annað sinn sem þeir flagga fánanum og sýna með því gott fordæmi í umhverfismálum.



Náttúrufræðinámskeið. Mynd: RP

STIKLUR ÚR STARFSEMI

Tæknidagur fjölskyldunnar

Tæknidagur fjölskyldunnar var haldinn í fyrsta sinn í Verkmenntaskóla Austurlands þann 16. mars 2013. Deginum er ætlað að vekja athygli almennings á tækni og vísindum. Fjöldmörg fyrirtæki og stofnanir tóku þátt. Náttúrustofan bauð gestum m.a. að skoða pöddur í víðsjá og aldursgreina hreindýr. Dagurinn lukkaðist afar vel og talið er að um 500 manns hafi mætt.

Fyrirspurnir

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með dýr, steina og plöntur til greiningar. Starfsfólk stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og leggur sig fram við að greina það sem berst og leitar til annarra sérfræðinga sé þess þörf. Árlega berast stofunni einnig formleg erindi til umsagnar, einkum frá sveitarfélögum og Alþingi.



Frá heimsókn forseta Íslands. Mynd: ÁL

Heimsókn forseta Íslands

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, og Dorrit Moussaieff forsetafrú heimsóttu Náttúrustofuna mánudaginn 21. október á ferð sinni um Fjarðabyggð. Forsetinn kynnti sér starfsemi Náttúrustofunnar, fólkvanginn í Hólmanesi og Náttúrugripasafnið í Neskaupstað


Fræðsluerindi

Náttúrustofan fær reglulega beiðnir um að halda fræðsluerindi við ýmis tækifæri. Erindin geta verið hluti af lengri fyrirlestraröðum eða námskeiðum en einnig eru oft haldnir stakir fyrirlestrar. Slíkar kynningar geta verið fyrir leikskóla, skóla eða hópa áhugasamra aðila sem biðja um efni. Á árinu voru flutt nokkur slík erindi.


Fyrirtækið Deloitte hf. annast endurskoðun, reikningsskil, skattskil auk bókhalds- og launavinnslu fyrir Náttúrustofu Austurlands.

Samkvæmt ársreikningi Náttúrustofunnar fyrir rekstrarárið 2013 námu heildarrekstrartekjur 61,5 millj. kr. Afkoma af rekstri Náttúrustofunnar var neikvæð um 0,2 millj. kr. og var sú upphæð færð til lækkunar á eigin fé stofunnar. Í árslok 2013 námu eignir Náttúrustofunnar 35,7 millj. kr. og bókfært eigið fé var 25,9 millj. kr.

Frekari upplýsingar um fjárhag Náttúrustofunnar má finna í ársreikningi sem er birtur í sérstakri skýrslu.



Hlutfallsleg skipting gjalda árið 2013.



Yfirlit heildartekna Náttúrustofunnar frá árinu 1999 á verðlagi ársins 2013.



Hreindýr fönguð á Fljótsdalsheiði fyrir Húsdýragarðinn. Mynd: SGP

ÚTGÁFA OG KYNNING

Ritlisti

Agustsdóttir, K, (2013). Fishing from space: mackerel fishing in Icelandic waters and correlation with satellite variables. Master's Thes. Department of Physical Geography and Ecosystems Science, Lund University.

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2013). Áhrif gruggs á vatnalífriki Glúmsstaðadalsár og Hrafnkelsár. Niðurstöður vöktunar 2012. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2013-067. Náttúrustofa Austurlands, NA-130129, 25 bls.

Erlín Emma Jóhannsdóttir (2013). Alcoa Fjarðaál. Umhverfisvöktun 2012. Skýrsla unnin af Náttúrustofu Austurlands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir Alcoa Fjarðaál. Náttúrustofa Austurlands, NA-130125, 71 bls.

Gerður Guðmundsdóttir (2013). Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2012. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2013-059. Náttúrustofa Austurlands, NA-130124, 24 bls.

Glenn Yannic, Loic Pellissier, Joaquin Ortego, Serge Couturier, Christine Cuyler, Christian Dussault, Kris Hundertmark, R Irvine, Deborah Jenkins, Leonid Kolpashikov, Nicolas Lecomte, Karen Mager, Marco Musiani, Katherine Parker, Knut Røed, Taras Sipko, Skarphéðinn Þórisson, Byron Weckworth, Antoine Guisan, Louis Bernatchez, Steeve Côté (2013). Climate predicts temporal congruence of genetic diversity hotspots in an iconic Arctic species. Nature climate change. Letters. 12/2013; DOI:2012-11-15352.



Frá 40 ára afmælishátíð fólkvangs og friðlands í Hólmanesi. Mynd: SGP

Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Heiðagæsaathuganir á Snæfellsöræfum 2012. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2013-047. Náttúrustofa Austurlands, NA-130127, 29 bls.

Halldór Walter Stefánsson (2013). Hávellur á Lagarfljóti og vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2012. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2013-040. Náttúrustofa Austurlands, NA-130126, 19 bls.

Jón Ágúst Jónsson (ritstj.) (2013). Náttúrustofa Austurlands, ársskýrsla 2012. Náttúrustofa Austurlands, 24 bls.

Rán Þórarinsdóttir (2013). Kortlagning burðarsvæða hreindýra á áhrifasvæðum Kárahnjúkavirkjunar vorið 2012. Unnið fyrir Landsvirkjun, LV-2013-085. Náttúrustofa Austurlands, NA-130130, 24 bls.

Skarphéðinn G Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2013). Vöktun hreindýrastofnsins 2012 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta og ágangssvæði 2013. Náttúrustofa Austurlands, NA-130128, 58 bls.



Gróðurvöktun á Vesturöræfum. Mynd: GG

ÚTGÁFA OG KYNNING

Veggspjöld

Ágústsdóttir, K. , Guðmundsson, K. Guðfinnsson, H. and Marteinsdóttir, G. (2013). Comparison of observed and remotely sensed chlorophyll in Icelandic waters. Veggspjald á ráðstefnu Alþjóða hafrannsóknaráðsins í Reykjavík í september 2013.

Ágústsdóttir, K. , Guðmundsson, K. Guðfinnsson, H. and Marteinsdóttir, G. (2013). Comparison of observed and remotely sensed chlorophyll in Icelandic waters. Veggspjald á Líffræðiráðstefnunni í Reykjavík í nóvember 2013.

Ágústsdóttir, K. , Guðmundsson, K. Guðfinnsson, H. and Marteinsdóttir, G. (2013). Comparison of observed and remotely sensed chlorophyll in Icelandic waters. Veggspjald á ráðstefnu Félags landfræðinga í Reykjavík í nóvember 2013.

Helgi Guðjónsson, Jón Einar Jónsson, Halldór Walter Stefánsson, Tómas Grétar Gunnarsson (2013). Mynstur í framleiðni grágæsa á landsmælikvarða á Íslandi.

Kristín Ágústsdóttir (2013). Ísland með nýju sniði. Veggspjald á ráðstefnunni Landupplýsingar 2013. - Haustráðstefnu LÍSU í Reykjavík í október 2013.

Kristín Ágústsdóttir (2013). Ísland með nýju sniði. Veggspjald á ráðstefnu Félags landfræðinga í Reykjavík í nóvember 2013.



Gæsir í netgirðingu á Vesturöræfum í júlí 2013, þ.m.t. senditækjagæsin "Hörður". Mynd: HWS.

Erindi

Ingvar A. Sigurðsson, Gunnar Þ. Hallgrímsson, Jón Á. Jónsson, Róbert A. Stefánsson, Þorkell L. Þórarinnsson, Þorleifur Eiríksson og Þorsteinn Sæmundsson (2013). Náttúrustofur á Íslandi - Samvinna um náttúruvísni. Erindi flutt á ársfundi Náttúrufræðistofnunar Íslands á Hótel Natura, 12. apríl 2013.

Jón Á. Jónsson (2013). Hólmanes - fólkvangur og friðland í 40 ár. Erindi flutt fyrir forseta Íslands í Náttúrugripasafninu í Neskaupstað, 21. október 2013.

Jón Á. Jónsson (2013). Kynning á starfsemi Náttúrustofu Austurlands. Erindi flutt á aðalfundi Glettings á Egilsstöðum, 14. mars 2013.

Kristín Ágústsdóttir (2013). Geimveiðar. - Er hægt að nota gervitunglagögn til að ákvarða líklega veiðistaði makríls? Erindi flutt í fyrirlestrarröðinni *Kvöldvaka í Kreml*, hjá Austurbrú í Neskaupstað.

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Reindeer in Iceland - An Introduced Population in an Exploited Ecosystem. Fyrirlestur á ráðstefnu um rannsóknir og stjórnun villtra dýrastofna sem haldin var í Reykjavík af Skotvís í samvinnu við Umhverfisstofnun, mars 2013.

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Ramsarsvæðið Eyjabakkar. Fyrirlestur í gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á sumardegnum fyrsta á vegum Vatnajökulsþjóðgarðs, apríl 2013.

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Ramsarsvæðið Eyjabakkar. Fræðsluganga á vegum Snæfellsstofu um Eyjabakka, júlí 2013.

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Reindeer pastures. Fyrirlestur á ráðstefnu sem haldin var í Tromsø á vegum Rangifer health, ágúst 2013.



Hreindýr í Þóriseyjum. Mynd: SGP

ÚTGÁFA OG KYNNING

Rán Þórarinsdóttir og Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Páll Hersteinsson and the reindeer. Fyrirlestur á alþjóðlegri tófuráðstefnu (International conference in Arctic Fox Biology) sem haldin var til heiðurs Páli Hersteinsyni heitnum. Ráðstefnan var haldin á Núpi í Dýrafirði og umsjón með henni hafði Melrakkasetur Íslands í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða, Háskóla Íslands, Vesturferðir, Borea Adventures og Náttúrufræðistofnun Íslands, október 2013.

Skarphéðinn G. Þórisson og Rán Þórarinsdóttir (2013). Reindeer in Iceland - Origin, Present, Future, Grazing. Rangifer Health Network meeting Tromsø Norway 25th-27nd August 2013.

Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Hreindýr. Kynning 13.3.2013 í Kreml Neskaupstað, Austurbrú.

Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Hreindýrastofninn 2013, staða, fæða, beit. Fyrirlestur fyrir Landgræðslufélag Héraðsbúa 23. mars 2013, Egilsstaðir.

Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Náttúrufar á Austurlandi, leiðsögn um Fjarðabyggð. Fróðleiksmolinn Reyðarfirði 6. mars 2013. Haldið á vegum Austurbrúar.

Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Fyrirlestur 3.10.2013. Austurland. Kynning fyrir erlenda Comeniusar kennara. Egilsstaðaskóli.

Skarphéðinn G. Þórisson (2013). Fuglar á Austurlandi. Egilsstaðaskóli 16.10.2013, 6. bekkur.



Rjúpnapar á Fljótsdalsheiði 16. maí 2008. Mynd: SGP



AÐALSKRIFSTOFA
Mýrargata 10
740 Neskaupstaður
Sími: 477 1774
Heimasíða: www.na.is
Netfang: na@na.is

ÚTIBÚ
Tjarnarbraut 39
700 Egilsstaðir
Sími: 471 2813 / 471 2774